

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Loftsstaðasystkina, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. janúar 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Loftsstaðasystkina.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Loftsstaðasystkina, og er eign Gaulverjabæjarkirkju.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 2 000 000.00 — tveimur milljón krónum — af Jóni Jónssyni frá Loftsstöðum til minningar um föður hans og föðursystkini frá Loftsstöðum, þau

Jón Jónsson, f. 13. des. 1860

Bjarna Jónsson, f. 20. ágúst 1866

Sigríði Jónsdóttur, f. 7. júlí 1863

Duríði Jónsdóttur, f. 25. sept. 1864.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að viðhaldi Gaulverjabæjarkirkju eða til eflingar safnaðarstarfi í Gaulverjabæjarsókn á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Gaulverjabæjarkirkju.

5. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

- a) að ávaxta sjóðinn í vísitölutryggðum skuldabréfum eða á annan jafnhagfelldan hátt, og skal hún leggja fram reikninga sjóðsins á hverjum aðalsafnaðarfundi Gaulverjabæjarsóknar með öðrum reikningum kirkjunnar.
- b) að halda skrá yfir gjafir til sjóðsins og sérstaka minningabók, er geymi nöfn þeirra, sem minnst er með gjöfum til sjóðsins.
- c) að ákveða úthlutun úr sjóðnum í hvert sinn eftir 3. gr. og 6. gr.

6. gr.

Árlega má veita úr sjóðnum upphæð, sem nemur vöxtunum af höfuðstól hans eins og þeir voru næsta ár á undan. En sé vöxtunum ekki að fullu ráðstafað á þann hátt, leggjast eftirstöðvar vaxtanna við höfuðstól sjóðsins ásamt gjöfum, sem sjóðnum berast.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	51.00 á kWst.
1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	260.00 á m ² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	96.00 á m ² á ári
1.3. Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	15.30 á kWst.
1.4. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	25.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	11.60 á kWst.
--	-----	---------------